

## AUGLÝSING

### um Norðurlandasamning um aðgang að æðri menntun.

Hinn 9. apríl 1997 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun sem gerður var í Kaupmannahöfn 3. september 1996. Samningurinn öðlaðist gildi 9. maí 1997.

Hinn 30. júní 1997 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á breytingu á samningnum. Breytingin öðlaðist gildi 7. nóvember 1997.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og breytingin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 21. nóvember 1997.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

### Fylgiskjal 1.

#### SAMNINGUR milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hér eftir nefndar aðilar, sem í samræmi við e- og g-liði 3. gr. samnings frá 15. mars 1971 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála vilja

- auka möguleikana á að námsmenn og aðrir, sem heima eiga í einu ríki Norðurlanda, geti aflað sér menntunar og þreytt próf við menntastofnanir í öðrum Norðurlandarríkjum,
- koma á gagnkvæmri viðurkenningu lokaprófa, hlutaprófa og annarra vitnisburða um námsárangur,

sem taka mið af samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. júní 1975 um jafngildi prófa á Norðurlöndum,

sem vísa til samstarfsáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar frá 27. mars 1991 um æðri menntun á Norðurlöndum,

sem gerðu með sér samning um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi 4. mars 1992,

sem eru á einu máli um að efla norræna samvinnu um æðri menntun enn frekar í því skyni að skapa umsækjendum hvaðanæva af Norðurlöndum eins mikið valfrelsi og kostur er og að auka gæði æðri menntunar á Norðurlöndunum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

#### 1. gr.

Aðilar skuldbinda sig gagnkvæmt til að veita umsækjendum, sem búsettir eru í öðru Norðurlandarríki, inngöngu í æðri menntastofnanir á vegum opinberra aðila, hver í sínu landi, með sömu eða sambærilegum skilyrðum og gilda fyrir umsækjendur frá eigin landi. Umsækjandi sem fullnægir undirbúningskröfum til æðri menntunar í því Norðurlandarríki þar sem hann er búsettur telst einnig fullnægja undirbúningskröfum til æðri menntunar í öðrum ríkjum Norðurlanda. Aðilar skuldbinda sig enn fremur til að stuðla eftir fremsta megni að því að hliðstæðar

reglur gildi um opinberlega viðurkennda æðri menntun á vegum einkastofnana sem eru fjármagnaðar af hinu opinbera.

Með æðri menntun er í þessum samningi átt við

í Danmörku: Menntun við háskóla og æðri menntun við aðrar menntastofnanir sem krefjast lokaprófs úr framhaldsskóla eða hliðstæðrar undirbúningsmenntunar;

í Finnlandi: Menntun við almenna háskóla, aðra háskóla, verkmenntaháskóla og hliðstæða menntun sem byggist á stúdentsprófi eða annarri menntun sem veitir réttindi til framhaldsnáms;

á Íslandi: Alla menntun er byggist á stúdentsprófi eða sambærilegri undirbúningsmenntun;

í Noregi: Menntun við háskóla og aðra háskóla eða hliðstæðar stofnanir sem byggist á afloknu og viðurkenndu námi í framhaldsskóla eða hliðstæðri menntun er veitir rétt til framhaldsnáms;

í Svíþjóð: Menntun við almenna háskóla og aðra háskóla eða hliðstæðar stofnanir er byggist á námi í framhaldsskóla sem skipulagt er á landsvísu eða hliðstæðri undirbúningsmenntun og fellur undir reglugerð um háskóla.

Samningurinn gildir ekki um aðgang að rannsóknarnámi.

#### 2. gr.

Ákvæði þessa samnings fela ekki í sér neina undanþágu frá þeim reglum um dvalarleyfi er gilda í hverju landi.

Ákvæði þessa samnings hindra ekki að gerðir séu tvíhliða samningar milli aðila um kaup eða hliðstæða ráðstöfun á námssætum á einstökum sértækum námsbrautum.

#### 3. gr.

Ef krafa er gerð um sérstaka hæfni eða greinabundna þekkingu sem skilyrði fyrir inngöngu í nám á tilteknu sviði æðri menntunar verða umsækjendur frá öðrum Norðurlandarríkjum að fullnægja slíkum kröfum með sambærilegum hætti og umsækjendur frá viðkomandi landi.

#### 4. gr.

Ef inntaka nemenda í nám til æðri menntunar er takmörkuð skal val úr hópi umsækjenda frá öðrum Norðurlandarríkjum fara fram samkvæmt sömu eða sambærilegum reglum og þeim sem gilda fyrir umsækjendur frá viðkomandi landi. Skal þá leitast við að nota valreglur sem jafna eins og kostur er möguleika umsækjenda frá öðrum Norðurlandarríkjum og umsækjenda frá viðkomandi ríki.

#### 5. gr.

Aðilar eru sammála um að umsækjandi sem hefur lokið hluta af háskólanámi sínu í einu aðildarríkjana á fullnægjandi hátt eigi að fá þann hluta viðurkenndan ef hann heldur áfram hliðstæðu námi í öðru aðildarríki. Mat á vitnisburði um nám sem skírskotað er til er í höndum þeirrar menntastofnunar þar sem viðurkenning er óskað.

#### 6. gr.

Aðilar skulu sjá um að veita upplýsingar um námsmöguleika við æðri menntastofnanir á Norðurlöndum.

#### 7. gr.

Hvert almanaksár greiða Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð bætur til móttökulandsins fyrir sína námsmenn sem stunda æðra nám í öðru Norðurlandarríki. Þetta ákvæði gildir ekki um Ísland.

Norræna ráðherranefndin samþykkir fjárhæð þeirra bóta sem hvert og eitt landanna fjögurra skal greiða.

Greiða skal fyrir 75% þeirra námsmanna, er fá námslán frá sínu heimalandi og samkvæmt reglum er þar gilda, vegna æðri menntunar í öðru norrænu landi, enda falli hún undir 1. gr. samnings þessa. Árlegar greiðslur fyrir hvern námsmann eru 22.000 DKR. Greiðslur milli landanna skulu reiknaðar sem viðbót við eða frádráttur frá framlagi þessara landa samkvæmt hinni árlegu fjárhagsáætlun um norrænt samstarf.

#### 8. gr.

Til grundvallar áætlun um fjölda námsmanna skal leggja tölfræðilegar upplýsingar sem norrænu námsstuðningsstofnanirnar taka saman ár hvert fyrir norrænu ráðherranefndina. Námsmenn sem koma frá eða stunda nám í Færeyjum, á Grænlandi eða Álandseyjum skulu ekki taldir með og ekki heldur þeir sem stunda rannsóknarnám, þeir sem falla undir ákvæði 2. mgr. 2. gr., né þeir sem stunda nám innan vébanda NORDPLUS-áætlunarinnar, norrænni áætlun fyrir kennara og námsmenn eða annarra sambærilegra skiptaáætlana.

Almanaksárið sem samningurinn tekur gildi skulu greiðslurnar reiknaðar á grundvelli talna fyrir námsárið 1994-1995. Námsmenn í ósérgreindu háskólanámi skulu ekki taldir með. Næstu tvö almanaksárin þar á eftir skulu greiðslurnar miðast við tölur fyrir námsárin 1995-1996 annars vegar og 1996-1997 hins vegar nema annað verði ákveðið af norrænu ráðherranefndinni.

#### 9. gr.

Aðilar skulu í sameiningu hafa eftirlit með framkvæmd samnings og samþykkja aðgerðir er þróun mála þykir gefa tilefni til. Í þeim tilgangi skipar norræna ráðherranefndin ráðgefandi nefnd sem skal skila skýrslum til ráðherranefndarinnar um framkvæmd samningsins og getur lagt fram tillögur til breytinga á og viðbóta við samninginn.

#### 10. gr.

Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hann, þó í fyrsta lagi 1. janúar 1997.

Samningurinn skal gilda til loka ársins 1999, hafi ekki verið samið um annað fyrir þann tíma. Að því er varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar öðlast samningurinn þó ekki gildi fyrr en 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur og ríkisstjórn Finnlands, eftir því sem við á, hefur greint finnska utanríkisráðuneytinu frá því að landsstjórn Færeyja, heimastjórn Grænlands og stjórn Álandseyja, eftir því sem við á, hafi tilkynnt að samningurinn taki gildi í Færeyjum, á Grænlandi og á Álandseyjum.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samningurinn tekur gildi.

#### 11. gr.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til finnska utanríkisráðuneytisins sem skýrir öðrum aðilum frá viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Samningurinn fellur úr gildi við lok þess almanaksárs er honum hefur verið sagt upp af einhverjum aðila, hafi uppsögn borist finnska utanríkisráðuneytinu í síðasta lagi 30. júní það ár, en að öðrum kosti við lok næsta almanaksárs á eftir.

Uppsögn samningsins hefur ekki áhrif á stöðu þeirra námsmanna er fengið hafa inngöngu í æðri menntastofnun í öðru Norðurlandaráki en sínu heimalandi á gildistíma samningsins.

#### 12. gr.

Frumriti þessa samnings skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samning þennan.

Nr. 21

21. nóvember 1997

Gjört í Kaupmannahöfn, 3. september 1996, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

**Fylgiskjal 2.**

**Breyting.**

1. Uppsagnarfrestur skv. 2. mgr. 11. gr. í samningnum er 15. nóvember 1997. Uppsögn sem móttakin er af finnska utanríkisráðuneytinu í síðasta lagi þennan dag leiðir til þess að samningurinn fellur úr gildi við árslok 1997. Uppsögn sem móttakin er árið 1997, eftir 15. nóvember, leiðir til þess að samningurinn fellur úr gildi við árslok 1998.
2. Vörsluaðili samningsins tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga þegar allir aðilar hafa staðfest breytingu á samningnum.